



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 4. apríl 2025
25032174/501.03 EML

Efni: Beiðni um að hefja vinnu við gerð deiliskipulags Kópavogsskóla að Digranesvegi 15.

Óskað er heimildar skipulags- og umhverfisráðs til að hefja vinnu við nýtt deiliskipulag Kópavogsskóla að Digranesvegi 15 og umhverfi í kring. Vegna fjölgunar grunnskólabarna í hverfum Kópavogs, sem má rekja til þéttingu byggðar og endurnýjunar í hverfum, er þörf á stækkun skólabygginga. Við forathugun er mögulegt skipulagssvæðið um 2,2 ha að flatarmáli og afmarkast af skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Kópavogs reiti B1-1, B4, B2 og B1-3 til vesturs, skipulagsmörkum deiliskipulags leikskóla við Skólatröð og að lóðarmörkum Vallartraðar 2, 6, 8 og 10 ásamt lóðarmörkum Skólatraðar 1, 3, 5, 7, 9 og 11 til norðurs, skipulagsmörkum deiliskipulags Traðarreitar eystri til austurs og að lóðarmörkum Digranesvegar 15 suðurs. Sjá mynd 1.

Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem samfélagsþjónusta, S-42. Á reitnum er Kópavogsskóli. Fyrirhugað nýtt deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag. Þar kemur fram að breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á reitnum, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir samfélagsþjónustu, eru heimilar. Stærð: 2,0 ha.

Lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði og ekki hefur verið gert mælibleið af lóðinni.



Mynd 1: Forathugun, möguleg afmörkun á deiliskipulagi Kópavogsskóla að Digranesvegi 15 og umhverfi í kring

Virðingarfyllt
fyrir hönd skipulagsfulltrúa,

Elín Mjöll Lárusd.

Elín Mjöll Lárusdóttir
Arkitekt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026